


Narfakotssystkinin, veggteppið, sem Barbara gaf manni sínum í afmælisgjöf.

„Við hittumst í Valhöll og trúlofuðum okkur viku síðar"

Rætt við Magnús Árnason, eiginmann Barböru Árnason, um minningarsýningu listakonunnar á Kjarvalsstöðum

„VIÐ hittumst fyrst á Þingvöllum árið 1936, vorum kynnt afskaplega formlega í hádegisverðarboði í Valhöll og trúlofuðum okkur viku seinna." Magnús Árnason, listamaður og eiginmaður Barböru heitinnar Árnason, gekk með blaðamanni Morgunblaðsins um Kjarvalsstaði og sagði frá myndunum og Barböru. Hann brosti við minningunni, þar sem hann stóð fyrir framan vatnslitamynd frá Þingvöllum. „Við vorum gift sex mánuðum seinna í enskri kirkju — við sáum aldrei eftir því."


„Barbara hafði lengi haft áhuga á Íslandi. Hún var fengin til að myndskreyta útgáfu á íslenzku fornsögunum og notaði launin í fyrstu ferðina til okkar Íslendinga."

Barbara Árnason bjó hér og starfaði í nær 40 ár. Á yfirlitssýningunni eru um 220 myndverk af ýmsu tagi, vatnslitamyndir, teikningar, grafik, gouachemyndir, veggteppi og bækur, sem Barbara myndskreytti. Magnús staðnæmdist fyrir framan stórt veggteppi, unnið með svokallaðri aladdinnál í íslenzkan lopa, sem sýnir Magnús og systkini hans, Narfakotssystkinin 10. „Þetta gaf hún mér í afmælisgjöf, þegar ég varð áttræður, segir hann," ég hafði ekki hugmynd um að hún var að gera þetta handa mér. Annars fékk ég aldrei að sjá neitt af verkunum hennar, fyrr en þau voru fullgerð, enginn fékk að sjá.


Á sýningunni eru fjölmargar landslagsmyndir, frá ýmsum stöðum á landinu. „Við fórum á hverju sumri upp í sveit til að vinna, bjuggum í tjaldi eða fengum inni á bóndabæjum og dvöldumst vikum saman við að mála og teikna umhverfið. Hún gerði ekki skissur, heldur fullgerði myndirnar á staðnum. Nema auðvitað grafikmyndir," Magnús tekur upp tréstungumynd af stuðlabergi. — „Þetta er frá Grímsey, þar vorum við einu sinni heilt sumar og þar var gott að vera. Og alltaf höfðum við soninn okkar með, utan einu sinni, þegar hann var eins árs, en þá sórum við þess líka eið að skilja hann aldrei aftur við okkur."

Tilraunir Barböru með vatnslitaþrykk hafa vakið mikla athygli bæði innlendra sem erlendra kunnáttumanna um grafíklist. Við inntum Magnús eftir þessari uppfinningu Barböru. „Henni bara datt svona í hug að reyna þetta," sagði hann, „hún var alltaf að finna upp á einhverju nýju, ekki nýju myndefni, heldur efni til að mála á, mynda með. Í vatnslitaþrykk notaði hún sérstakan japanskan pappír, hrískappír. Hann er ekki sléttur og hvítur eins og venjulegur pappír, heldur verður hann hluti af myndinni sjálfri. Náttúran var Barböru hugleikin," bætir Magnús við, „hún notaði hana oft, var að mála myndir á börk, tína bein til að nota í veggteppin, og þessar kríumyndir." Hann bendir okkur á örlitlar kríur í sýningarborði. „Þetta gerði hún úr fífukollum, þær voru það síðasta sem hún bjó til og hún gaf starfsfólkinu á sjúkrahúsinu þetta."


Barbara Árnason lézt árið 1975 og sýningin að Kjarvalsstöðum er minningarsýning um þessa ensku listakonu, sem gerði Ísland að heimalandi sínu í 40 ár. Aðalsteinn Ingólfsson listfræðingur skrifar í sýningarskrá: „Enginn þeirra erlendu listamanna, sem hér hafa fest rætur, hafa víkkað sjónhring innlendrar listar eins mikið og Barbara Árnason," Sýningin að Kjarvalsstöðum er opin til 26. júlí.



Gestir á sýningunni við eitt af veggteppunum.



Þetta er eina sjálfsmyndin, sem Barbara Árnason gerði. Máluð um 1935.



Við anddyri sýningarsalarins er þessi mynd eftir Magnús Árnason af Barböru.



Magnús Árnason